



Fundargerð

390. fundur í sveitarstjórn Skaftárhrepps, haldinn í félagsheimilinu Kirkjuhvoli, Kirkjubæjarklaustri kl. 13:00 miðvikudaginn 11. nóvember 2015. Þetta er 12. fundur ársins.

Fundargerð er tölvuskráð af Söndru Brá Jóhannsdóttur, sveitarstjóra og er 5 blaðsíður Fundurinn er hljóðritaður og verður hljóðritun geymd í tölvukerfi sveitarfélagsins.

Eva Björk Harðardóttir, oddviti býður fundarmenn velkomna.

Mættir eru undirritaðir sveitarstjórnarmenn. Guðmundur Ingi Ingason Ó-lista boðar forföll, í hans stað mætir 1. Varamaður Ó-lista Sverrir Gíslason.

Oddviti óskar eftir breytingu á dagskrá, að við málefnskrá bætist:

16. Erindi frá Mýrdalshreppi – formlegur viðræðufundur um byggingu leiguíbúða. 04.11.2015

17. Beiðni frá Ungmennafélaginu Ármann um fjárstuðning. 11.11.2015

18. Breyting á Umhverfis- og náttúruverndarnefnd

Dagskrárbreyting samþykkt

Sveitarstjóri og oddviti greina frá gangi mála frá síðasta sveitarstjórnarfundum

Handwritten signature and initials: HGA

Umhverfis- og auðlindaráðherra tilkynnti í síðustu viku áform um að byggð yrði gestastofa Vatnajökulshjódgarðs á Kirkjubæjarklaustri og eru fulltrúar hjódgarðsins hingað komnir til að kynna verkefnið fyrir sveitarstjórn. Landgræðslan hefur verið að vinna tillögur að mótvægisáðgerðum vegna afleiðinga Skaftárhlaupsins sem kynntar verða á fundinum. Íbúafundur var haldinn miðvikudaginn 4. nóvember s.l. í verkefninu Skaftárhreppur til framtíðar sem var vel sóttur. Brúin yfir Eldvatn hefur verið opnuð að nýju fyrir léttari umferð með takmörkunum. Fulltrúar sveitarfélagsins sóttu ársþing SASS í lok október. Uppskeruhátíðin tókst vel í alla staði þar sem 25 ára afmæli sveitarfélagsins var gerð góð skil og safnaðist til endurbóta kennslueldhússins í Kirkjubæjarskóla um 800 þús. kr. Við kunnum menningarmálanefnd bestu þakkir fyrir vel heppnaða hátíð.

I. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

1. Ósk um lausn frá setu í sveitarstjórn, erindi frá Guðmundi Inga Ingasyni dags. 06.11.2015

Sveitarstjórn þakkar Guðmundi Inga samstarfið og óeigingjarnt starf hans í þágu sveitarfélagsins og óskar honum velfarnaðar til framtíðar. Sverrir Gíslason tekur sæti aðalmanns í sveitarstjórn og Kristín Lárusdóttir kemur inn sem varamaður og býður sveitarstjórn þau velkomin til starfa. Sveitarstjórn felur kjörnefnd að útbúa ný kjörbréf í samræmi við breytingarnar.

2. Kynning á fyrirhugaðri gestastofu Vatnajökulshjódgarðs

Sveitarstjórn fagnar því að gestastofa Vatnajökulshjódgarðs risi á Kirkjubæjarklaustri og væntir þess að Vatnajökulshjódgarður styðji áfram við áform heimamanna um þekkingarsetur. Sveitarstjórn lítur svo á að um sé að ræða fyrsta áfanga í uppbyggingu þekkingarsetursins.

3. Tillögur Landgræðslunnar um mótvægisáðgerðir vegna afleiðinga Skaftárhlaups 2015



Sveitarstjórn fagnar því að Landgræðslan sé komin með tillögur að mótvægisáðgerðum í kjölfar Skaftárhlaupsins. Ljóst er að mikið tjón hefur orðið og kostnaður verður verulegur. Sveitarstjórn mun beita sér fyrir því að Landgræðslan fái aukið fjármagn úr ríkissjóði á næstu árum til að sinna uppgræðsluverkefnum í Skaftárhreppi. Í ljósi þeirra yfirgripsmiklu verkefna sem framundan verða í landgræðslu í Skaftárhreppi skorar sveitarstjórn á Landgræðslu ríkisins um að staða héraðsfulltrúa frá Landgræðslunni verði í Skaftárhreppi frá og með næstu áramótum.

4. Viðauki 3 við fjárhagsáætlun Skaftárhrepps 2015

Málaflokkayfirlit	Viðauki 3.		
	Rekstrar tekjur	Rekstrar gjöld	Samtals tekjur
Aðalsjóður			
00 - Skatttekjur.....			0
02 - Félagssjónusta.....		23 (23)
04 - Fræðslu- og upplismál.....		883 (883)
05 - Menningarmál.....		165 (165)
06 - Æskulýs- og íþróttamál.....		2.114 (2.114)
07 - Brunamál og almannavarnir.....			0
08 - Hreinlætismál.....		(10.500)	10.500
09 - Skipulags- og byggingamál.....			0
10 - Umferðar- og samgöngumál.....			0
11- Umhverfismál.....			0
13 - Atvinnumál.....		780 (780)
20 - Framlög til B-hluta fyrirtækja.....			0
21 - Sameiginlegur kostnaður.....		14 (14)
28 - Fjármagnslöir.....			0
Aðalsjóður	0 (6.521)	6.521
Aðrir sjóðir í A - hluta			
Eignasjóður.....		1.926 (1.926)
Millifærslur A-hluta.....			0
A - hluti samtals	0 (4.595)	4.595
Sjóðir í B - hluta			
Félagslegar íbúðir.....			0
Fráveita.....			0
Leiguíbúðir aldraðra.....			0
Leigubúðir Skaftárhreppi.....			0
Sorporkustöð.....	(10.500) (1.926) (8.574)
Millifærslur.....	10.500	10.500	0
A og B hluti samtals	0	3.979 (3.979)

HG 19

Fjárfesting	Viðauki 3	
<i>Fjárfesting</i>		
Viðaukar við fjárhagsáætlun 2015		
		Viðauki fjárfesting
Eignasjóður / Leiktæki.....	0	0
Eignasjóður / Sorporkustöð millifærsla....	26.383	26.383
A hluti.....	26.383	26.383
Sorporkustöð / Eignasjóður millifærsla....	(26.383)	(26.383)
A- og B-hluti.....	0	0

Samtals viðbót við rekstrartekjur A-hluta 4.595 þús kr
Samtals viðbót við rekstrargjöld B- hluta 8.574 þús kr.



*Rekstrarútgjöld aukin um 3.979 þús kr.
Viðauka er mætt með handbæru fé*

Viðauki samþykktur.

5. Erindi frá EFS, dags. 08.10.2015

Sveitarstjórn þakkar ábendinguna. Ekki er til mótað verklag fyrir daglega fjármálastjórn sveitarfélagsins. Sveitarstjóra falið að taka saman viðauka vegna 2014 og yfirlit um þau útgjöld sem samþykkt voru ásamt því að móta verklag sem lagt verður fyrir sveitarstjórn fyrir apríl 2016.

6. Erindi frá Hilmari Gunnarssyni dags. 20.10.2015.

Sveitarstjórn þakkar erindið. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að kanna stöðuna og fá fund með Biskupsstofu vegna málsins.

7. Fjárhagsáætlun Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu 2016.

Sveitarstjórn samþykkir fjárhagsáætlanir vegna Skólaþjónustudeildar, Félagsþjónustudeildar og málefna fatlaðra 2016.

8. Erindi frá Jafnréttisstofu dags. 12.10.2015

Jafnréttisstofa veitir Skaftárhreppi frest til 15. febrúar 2016 til þess að ljúka við gerð jafnréttisáætlunar ásamt framkvæmdaáætlun í samræmi við ákvæði jafnréttislaga nr. 10/2008. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra og formanni jafnréttisnefndar að útbúa jafnréttisáætlun ásamt framkvæmdaáætlun fyrir tilskilin frest.

9. Snorraverkefnið 2016 - ósk um fjárstuðning. dags. 30.10.2015

Sveitarstjórn getur ekki orðið við beiðninni að þessu sinni.

10. Ráðning leikskólaráðgjafa við Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu.

Sveitarstjórn samþykkti með rafrænni stjórnssýslu 2. nóvember s.l að ráðið verði í fullt starf Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu frá og með næstu áramótum.

11. Álftavötn – umsókn um endurnýjun rekstrarleyfis. dags. 30.10.2015

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við endurnýjun rekstrarleyfisins.

12. Skælingar – umsókn um endurnýjun rekstrarleyfis. dags. 30.10.2015

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við endurnýjun rekstrarleyfisins.

HGÁ



13. Sveinstindur – umsókn um endurnýjun rekstrarleyfis. dags. 30.10.2015

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við endurnýjun rekstrarleyfisins.

14. Tilkynningar um fyrirhugaðar niðurfellingar Strandavegar(2145), Hraungerðisvegur (2188) og Rauðabergsvegur (2003) af Vegaskrá. dags. 19.10.2015.

Sveitarstjórn ítrekar athugasemdir sínar frá 11. júní s.l. þar sem fram kom að niðurfelling vega af vegaskrá geti rýrt búsetuskilyrði í sveitarfélaginu og mótmælir því niðurfellingu Strandavegar nr. 2145, Hraungerðisvegur nr. 2188 og Rauðabergsvegur nr. 2003.

15. Erindi frá Stígamótum – beiðni um fjárstuðning. 07.10.2015

Sveitarstjórn getur ekki orðið við beiðninni að þessu sinni.

16. Erindi frá Mýrdalshreppi – formlegur viðræðufundur um byggingu leiguíbúða. 04.11.2015

Fulltrúar sveitarstjórnar áttu óformlegan fund vegna málsins á nýafstöðnu ársþingi SASS. Ef frumvarp um framtíðarskipan húsnæðismála sem kynnt var á haustþingi nær fram að ganga verður framlag ríkisins til leigufélaga um 18% af byggingakostnaði en á móti kæmu um 12% frá sveitarfélögunum. Mýrdalshreppur hefur óskað eftir viðræðum við nærliggjandi sveitarfélög um möguleika á stofnun sameiginlegs leigufélags. Sveitarstjóra og oddvita falið að taka þátt í formlegum viðræðum vegna málsins.

17. Beiðni frá Ungmennafélaginu Ármann um fjárstuðning. 11.11.2015

Sveitarstjórn þakkar erindið. Beiðni Ungmennafélagsins Ármanns vísað til vinnu við gerð fjárhagsáætlunar 2016-2019.

18. Breyting á Umhverfis- og náttúruverndarnefnd

Ágúst Leó Sveinsson hefur óskað lausnar frá setu í Umhverfis- og náttúruverndarnefnd Skaftárhrepps. Sveitarstjórn þakkar Ágústi störf í þágu sveitarfélagsins. Sveinn H. Jensson tekur sæti aðalmanns í Umhverfis- og náttúruverndarnefnd og varamaður verður Gísli Halldór Magnússon.

II. Fundargerðir til samþykktar

1. 107. fundur í rekstrarnefnd Klausturhóla.20.10.2015. *Fundargerð samþykkt*
2. 57. fundur menningamálanefndar.22.06.2015. *Fundargerð samþykkt*
3. 58. fundur menningarmálanefndar. 28.06.2015. *Fundargerð samþykkt*
4. 59. fundur menningarmálanefndar. 26.08.2015. *Fundargerð samþykkt*
5. 60. fundur menningarmálanefndar. 23.09.2015. *Fundargerð samþykkt*
6. 61. fundur menningarmálanefndar. 29.09.2015.

1. Menningarmálanefnd gerir að tillögu sinni að nefndarmenn fái greidd vinnulaun þá daga sem kammertónleikahátíðin stendur yfir.

Óskað er eftir aukinni fjárveitingu í eftirtalin verkefni:

- a) Kammertónleikar, 300-500 þúsund



- b) Uppskeruhátíð
- c) Framlag til styrkumsókna, 300 þús. Kr
- d) Héraðs- og skólabókasafn:
 - a) Endurnýjun á tölvubúnaði svo hægt sé að nýta bókasafnskerfi s.s. leitir og gegnir.is
 - b) Almennt viðhalda, gluggar ofl
 - c) Merking utanhúss
 - d) Útbúa geymslu

Til Sveitastjórnar Skaftárhrepps Klausturvegi 10.

Á fundi Menningarmálanefndar Skaftárhrepps 29.september 2015 samþykkti nefndin að óska eftir því að nefndarmenn fái framvegis greidd laun fyrir vinnu yfir þá daga sem Kammertónleikarnir standa yfir. Nefndi tók saman vinnustundir nefndarmann eftir síðust Kammertónleika 2015 og voru þær samtals 84 eða 19 dagvinnutímar og 65 yfirvinnutímar (kvöld og helgar).

Sveitarstjórn vísar tillögum nefndarinnar til vinnu við gerð fjárhagsáætlunar 2016-2019.

Fundargerð samþykkt í heild sinni.


7. 62. fundur menningarmálanefndar. 21.10.2015. *Fundargerð samþykkt*

III. Fundargerðir til kynningar.


1. 18. fundur stjórnar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu. 21.10.2015. *Fundargerð kynnt*
2. 29. fundur félagsmálanefndar 26.10.2015. *Fundargerð kynnt*
3. 499. fundur stjórnar SASS. 28.10.2015. *Fundargerð kynnt*
4. 831. fundur stjórnar SÍS. 30.10.2015. *Fundargerð kynnt*
5. Fundur stjórnar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu með sveitarstjórum. 21.10.2015. *Fundargerð kynnt*

Næsti fundur sveitarstjórnar áætlaður fimmtudaginn 10. desember kl. 13.

Fundi slitið kl. 16.14


Eva Björk Harðardóttir


Jóhannes Gissurarson


Sverrir Gíslason


Bjarki Guðnason


Heiða Guðný Ásgeirsdóttir